

## Fundargerð 559

Fimmtudaginn 26. mars 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Hafþór Guðmundsson (HG) varamaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS) og Steindór R. Haraldsson (SRH).

Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson boðaði forföll og sat varamaður hans fundinn í hans stað.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliásson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 7), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:30 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu
2. Úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði - til afgreiðslu
3. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Lánamál
  - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
  - b. Lánamál - til afgreiðslu
5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
6. Staða póstmála - til kynningar
7. Aflamark Byggðastofnunar
  - a. ...
  - b. Ársskýrsla - til kynningar
8. Landstólpinn – til kynningar
9. Vinnu- og þjónustusókn á Íslandi - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum lögfræði- og rekstrarsviðs varðandi uppfærslu á reglum um störf stjórnar. Að auki liggja fyrir fundinum reglur um störf stjórnar með tillögum að breytingum sem AME kynnti.

Reglur um störf stjórnar Byggðastofnunar ber að endurskoða að minnsta kosti árlega og leggja fyrir stjórn. Lagðar eru til lítilsháttar breytingar á reglunum.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp uppfærðar reglur um störf stjórnar Byggðastofnunar og voru þær samþykktar samhljóða.

## 2. Úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni þróunarsviðs og Hönnu Dóru Björnsdóttur sérfræðingi á þróunarsviði um úthlutun á styrkjum úr Byggðarannsóknasjóði auk fundargerð stjórnar Byggðarannsóknasjóðs frá 17. mars 2026 sem SEP kynnti.

Á fundi stjórnar Byggðarannsóknasjóðs, þann 17. mars 2026 var ákveðið að leggja til við stjórn Byggðastofnunar að styrkja fimm verkefni, samtals 17.500.000 kr. sem skiptast á milli styrkþega samkvæmt eftirfarandi tillögu:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkuppþæð
Samfélagsáhrif menningar í landsbyggðum: Lífsánægja, félagsleg tengsl og búseta.	Listaháskóli Íslands, Þorbjörg Daphne Hall	kr. 3.800.000,-
Matvælaframleiðsla og staðbundin nýting: Kortlagning framleiðslu og svæðisbundinnar nýtingar á Austurlandi 2023-2025	Austurbrú ses., Hrafnkatla Eiríksdóttir	kr. 3.400.000,-
Getur saga Flateyjar á Skjálfanda og Skála á Langanesi verið gagnleg brothættum byggðum nútímans? - Fortíð, nútíð og framtíð brothættra byggða	Þekkingarnet Þingeyinga, Helena Eydís Ingólfssdóttir	kr. 4.500.000,-
Rural Tourism AI Workshop / Vinnustofa um gervigreind í ferðaþjónustu	Gunnar Ólafsson og Magdalena Falter	kr. 2.400.000,-
Almyrkvi á sólu 2026: Stýring og samhæfing í dreifðum byggðum	Rannsóknamiðstöð ferðamála Vera Vilhjálmssdóttir	kr. 3.400.000,-
	<b>Samtals:</b>	<b>kr. 17.500.000,-</b>

Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að ofangreind verkefni fái styrki úr Byggðarannsóknasjóði. Tilkynnt verði um um úthlutanir og afhendingu styrkja á ársfundum stofnunarinnar þann 28. maí 2026.

Til máls tóku MS, HÓ, AME, HI og SRH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 3. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

HÓ vék af fundi.

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs um breytingu á vaxtakjörum Byggðastofnunar sem HP kynnti.

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar 19. febrúar sl. var farið yfir vaxtakjör stofnunarinnar og lagt til að teiknaðar yrðu upp sviðsmyndir til umfjöllunar á fundi stjórnar í mars ásamt tillögum um endurskoðun vaxtaálaga til afgreiðslu.

Lagt er til við stjórn að verðtryggðir vextir allra lánaflokka verði hækkaðir um 0,25 prósentustig frá og með 1. maí 2026. Önnur vaxtakjör haldast óbreytt.

Til máls tóku SRH, HB, AME og MH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

HÓ kom aftur inn á fundinn.

## 4. Lánamál

a. *Fundargerðir lánanefndar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 8/26-11/26 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

b. *Lánamál - til afgreiðslu*

...

## 5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar auk staða rekstrar 28. febrúar sem SEP kynnti.

Til máls tóku HB, SRH og HI.

## 6. Staða póstmála - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað Byggðastofnunar til innviðaráðuneytisins um þróun pósthjónustu og mögulegar aðgerðir stjórnvalda auk kynningar á verklagi Byggðastofnunar sem HÁ kynnti.

Til máls tóku SRH, MS, HÓ, AME og HGÓ.

## 7. Aflamark Byggðastofnunar

PF og RR komu á fundinn undir þessum dagskrárlið.

a. ...

b. *Ársskýrsla aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggur uppfærð ársskýrsla um framkvæmd samninga um aflamark stofnunarinnar með viðbótarupplýsingum sem óskað var eftir á fundi stjórnar 27. nóvember 2025 sem RR kynnti.

Til máls tóku SRH, HGÓ, HG, MS, AME og HÓ.

PG og RR viku af fundi.

## 8. Landstólpinn - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um val Landstólpans - samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar 2026 sem SEP kynnti.

Enginn tók til máls.

## 9. Vinnu- og þjónustusókn á Íslandi - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti ný útkomna skýrslu stofnunarinnar um þjónustusókn.

MS vék af fundi.

Til máls tók HB, SRH, HÓ, SEP og HI.

ÞS vék af fundi.

## 10. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 28. maí á Kirkjubæjarklaustri í tengslum við ársfund stofnunarinnar.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:12.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Hafþór Guðmundsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson